

## 20. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 61. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla og öðlast hún gildi frá og með 1. júní 1980. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 398/1977 um framkvæmd samræmdra prófa í grunnskóla svo og önnur ákvæði sem fara í bága við þessa reglugerð.

*Í menntamálaráðuneytinu, 1. febrúar 1980.*

**Vilmundur Gylfason.**

*Birgir Thorlacius.*

**REGLUGERÐ**

**um hækkun bóta almannatrygginga.**

## 1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga, samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, skulu hækka um 6.67% frá 1. mars 1980 frá því sem þær voru 1. febrúar 1980. Greiðslur samkvæmt 74. gr. skulu breytast með sama hætti.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 19. febrúar 1980.*

**Svavar Gestsson.**

*Páll Sigurðsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Blönduóshrepps,  
nr. 263 30. maí 1975.**

## 1. gr.

2. gr. orðist þannig:

**Lestagjöld.**

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 28 á brúttórúmllest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 14 á brúttórúmllest.
- c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 28 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 900 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 9 500.

Gjaldtagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út úr höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til visindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

**2. gr.**

3. gr. orðist þannig:

**Bryggjugjöld.**

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 14 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 530 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

**3. gr.**

Gjöld samkvæmt vörugjaldsskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 517 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 1 094 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 3 025 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 296 fyrir hvern rúmmetra.

Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 250.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 139 20. mars 1979.

*Samgönguráðuneytið 12. febrúar 1980.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Birgir Guðjónsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ísafjarðarkaupstaðar,  
nr. 151 4. mars 1975.**

**1. gr.**

2. gr. orðist þannig:

**Lestagjöld.**

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 28 á brúttórúmllest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 14 á brúttórúmllest.
- c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 28 á brúttórúmllest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 900 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 9 500.